

# Skógrækt ríkisins

Iceland Forest Service

Símar: 3422 og 82330

REYKJAVÍK,  
GRETTISGÖTU 8

## Skógarvörðurinn á Suðvesturlandi.

### Starfsskýrsla 1956.

Haustið 1955 hlaut ég styrk til þess að kynna mér ræktun skjólbelta, úr dönskum sjóði er I. C. Möller forstjóri í Kaupmannahöfn hefir stofnað. 1956 B

Fór ég til Danmerkur í lok janúarmánaðar og dvaldi þar á vegum Heiðafélagsins danska fram í byrjun maí. Hlaut ég þar hina beztu fyrirgreiðslu og kynnti mér hið mikla starf, sem Heiðafélagið vinnur á þessu sviði. Til Noregs fór ég í júlímaðuði og dvaldi þar með ráðunaut Norðmanna í skjólbeltaræktun, Bjarne Fröystad. Eru Norðmenn einmitt að hefja skipulagða ræktun skjólbelta á vesturströndinni. Frá Noregi fór ég til Skotlands og dvaldi þar fram í september á vegum Forestry Commission. Fór ég einkum um norðurhluta Skotlands.

Um starfsemi Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi skal petta greint:

Girðingum um skóglendi var öllum haldið við eftir föngum. Endurgirtur var kafla af Laugarvatnsgirðingu (skólagirðingin) sem orðið hafði fyrir allmiklu hnjasíki. Var nú girt með neti (400 m) í stað gaddavírs.

Gróðursett var í skóglendi Skógræktar ríkisins vorið 1956 sem hér segir:

1956

#### Í Haukadal:

3000 sitkagreni 2/2 Seward 102 - 100 - 50.

*þvíst hvar 100  
þ. 10. 2036*

#### Að Laugarvatni:

3000 skógarfura 2/2 Troms str.

500 rauðgreni 2/2 Fellingfors.

500 sitkagreni 2/2 MacLeod.

20 reynir.

*1020*

## Að þingvöllum:

a) í reit V- Íslendinga: ( Hallið vestan Hrafnagjár)

500 skógarfura 3/o Sjomen.

300 rauðgreni 2/2 Fellingfors.

400 sitkagreni 2/2 MacLeod.

300 hvítgreni 2/2 Moose Pass.

50 contortafura 3/o Haines.

b) í Furulundinn:

500 sitkagreni 2/2 MacLeod.

500 hvítgreni 2/2 Moose Pass

250 rauðgreni 2/2 Trysil.

c) við Valhöll: ( á vegum Jóns Guðmundssonar)

250 birki 3/e

50 - 2/2

200 sitkagreni 2/2 MacLeod .

200 skógarfura 2/2 Troms str.

50 blágreni 2/2 Colorado .

50 hvítgreni 2/2 Moose Pass.

100 lerki 2/2 Brandbu.

100 bergfura 3/o ( Örstavik).

Landnemar í Straumi gróðursettum:

100 skógarfura 3/o

200 - 2/2

200 rauðgreni 2/2

200 sitkagreni 2/2

100 hvítgreni 2/2.

Eins og venjulega fór ég margarr ferðir til leiðbeininga um nágrenni Reykjavíkur. Þá fór ég til leiðbeiningar um skjól-beltaræktun að Þórustöðum í Ölfusi, Hvítárbakka í Borgarfirði og að Hvanneyri í Borgarfirði. Á Þórustöðum og Hvítárbakka var hafin skjólbeltaræktun síðastliðið vor og fengu bændurnir þar nokkurn stuðning frá Skógrækt ríkisins í útvegun plantna. Á Hvanneyri verður hafist handa næsta vor.

Ég flutti erindi um skjólbeltaræktun í Danmörku á aðalfundum Skógræktarfélaga Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og ennfremur á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var

að Reykjahlíð í Mývatnssveit. Þá flutti ég erindi á deildarfundi í Skógræktarfélagi Árnesinga að, Gaulverjabæ um súma efni. Í nóvembermánuði fór ég með skógræktarstjóra á stofnfund Skógræktarfélags Kjósverja.

Auk þessara ferða fór ég ásamt skógræktarstjóra með John Walker, kanadiskum skjólbeltafræðing, sem hingað kom í júní s.l., um Borgarfjörð og Suðurlandsundirlendi.

Reykjavík 25/1. 1957

Einar G. E. Sæmundsen.